

Fundargerð

Árið 2025, mánudaginn 30. júní kl. 08:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála í innviðaráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Framlag vegna lækkunar tekna af fasteignaskattstekjum

Tillaga að uppgjöri framlaga árið 2025

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 2. áætlun fasteignaskattsframlaga vegna ársins 2025. Tillaga að áætluðu uppgjöri framlaganna á árinu 2025 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2024 ásamt upplýsingum um álagningaprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2025.

Áætlað uppgjör er byggt á fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 7.638.130.000 kr. Til greiðslu hafa komið 4.268.980.624 kr. og áætlað uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí til september 2025 með jöfnum greiðslum samtals að fjárhæð 1.123.049.792 kr. í hvert sinn. Heildarfjárhæðir framlagsins verða teknar til endurskoðunar þegar greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins verður tekin til skoðunar síðar á árinu.

Við útreikning framlagsins skulu framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra, falla niður.

Í nýbirtu nefndaráliti meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar er lagt til að Grindavíkurbær fái úthlutað fasteignaskattsframlagi úr Jöfnunarsjóði þrátt fyrir að leggja ekki á fasteignaskatt m.a. á

íbúðarhúsnæði. Leggur meirihlutinn til að miða skuli við að sveitarfélagið fái sama skiptihlutfall og á árinu 2024 þ.e. 1,37% af heildarfjárhæð framlagsins. Starfsmenn Jöfnunarsjóðs leggja þó til að sveitarfélagið fái ekki úthlutað framlagi fyrr en lögin hafa tekið gildi.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja 2. áætlun fasteignaskattsframlaga vegna ársins 2025 að fjárhæð 7.638.130.000 kr. Einnig var samþykkt að halda eftir framlagi Grindavíkurbæjar þar til frumvarp að lögum um Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur verið samþykkt.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 08:45.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir